

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarnefnd

Efni: Tillaga til velferðarnefndar vegna húsnæðis fyrir eldri borgara

Dags: 18. október 2023

Málsnúmer: 202310598/-

Sendandi: Sigurbjörg Fjölnisdóttir, Framkvæmdastjóri velferðarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að velferðarnefnd samþykki að farið verði í þarfagreiningu á framtíðarhúsnæði fyrir félagsstarf Mosfellsbæjar.

Greinargerð:

Þann 14. febrúar 2022 heimilaði bæjarráð Mosfellsbæjar þáverandi bærstjóra að undirrita samkomulag við Eir um leigu á 400m² húsnæði í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu við Bjarkarholt 4-5. Var það húsnæði hugsað til að mæta þörfum félagsstarfs Mosfellsbæjar um stærri aðstöðu m.a. í tengslum við fjölgun eldri borgara í sveitarfélaginu. Er nú ljóst að verulegar tafir hafa orðið á því verkefni og ekki ljóst hver framvinda þess verður.

Þann 22. september sl. barst Mosfellsbæ jákvætt svar við umsókn um stækkun núverandi dagdvalar að Eirhömrum, úr 9 rýmum í 15 rými. Þar sem dagdvölin og félagsstarfið eru bæði staðsett að Eirhömrum telur velferðarsvið mikilvægt að skoða hvort núverandi húsnæði henti stækkaðri dagdvöl og félagsstarfinu að Eirhömrum. Því er lagt til að samþykkt verði að fara í þarfagreiningu á framtíðarhúsnæði fyrir félagsstarf Mosfellsbæjar og skoða það í tengslum við fyrirhugaða stækkun dagdvalarinnar. Hægt væri að nýta þjónustukönnun í málaflokki eldri borgara til að fá upplýsingar um þarfir notenda félagsstarfsins fyrir breytingu á húsnæði eða þjónustu.

*Virðingarfyllst,
Sigurbjörg Fjölnisdóttir*

Fylgiskjal:

- Undirrituð samkomulag vegna leigu á húsnæði í tengslum við uppbyggingu í Bjarkarholti 4-5 dags. 1.4.2022.